

Reglugerð um birtingu niðurstöðna vegna eftirlits með áburði.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um birtingu á niðurstöðum eftirlits með áburði. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að opinberri birtingu upplýsinga um gæði og öryggi áburðar.

2. gr.

Skýrsla.

Matvælastofnun skal árlega taka saman skýrslu með niðurstöðum úr eftirliti með áburði sem er á markaði. Í skýrslunni skal koma fram listi yfir þær vörur sem eru skráðar og eru á markaði á viðkomandi ári. Skýrslan skal innihalda niðurstöður efna- og örverugreininga en auk þess skal birta athugasemdir sem gerðar eru við merkingar á áburði. Matvælastofnun er heimilt að flokka niðurstöður eftirlitsins eftir fyrirtækjum og eða vöruflokkum.

3. gr.

Birting skýrslu.

Skýrslu Matvælastofnunar vegna eftirlits á árinu skal birta fyrir lok viðkomandi árs. Skýrsluna skal birta með rafrænum hætti á heimasíðu stofnunarinnar.

4. gr.

Innflytjendur og framleiðendur.

Innflytjandi eða framleiðandi áburðar skal eiga kost á að koma á framfæri athugasemdum við þann hluta skýrslunnar sem fjallar um vörur viðkomandi og skal veittur 30 daga frestur til að skila inn athugasemdum. Sé ekki tekið tillit til athugasemda frá innflytjanda eða framleiðanda skal birta þær í viðauka við skýrslu Matvælastofnunar.

4. gr. a.

Birting rannsóknaniðurstöðna og eftirlitsaðgerða í einstökum tilvikum.

Matvælastofnun er í eftirfarandi tilvikum heimilt að birta niðurstöður úr eftirliti með áburði sem er á markaði:

- Þegar niðurstöður úr efna- og örverugreiningum leiða í ljós að áburður er ekki í samræmi við vörulýsingu eða ákvæði laga nr. 22/1994 um eftirlit með föðri, áburði og sáðvöru eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.
- Þegar niðurstöður leiða til þess að Matvælastofnun gefur fyrirmæli um afmengun, takmarkar framleiðslu eða markaðssetningu, leggur hald á eða fer fram á förgun á áburði.

Birting niðurstöðna skal fara fram eins fljótt og unnt er á heimasíðu stofnunarinnar. Jafnframt er Matvælastofnun með sama hætti heimilt að birta almennar upplýsingar um aðgerðir hennar eða áburðarfyrirtækja þegar áburður uppfyllir ekki kröfur um öryggi vörunnar.

5. gr.

Kærur og frestun birtingar.

Stjórnsýslukæra aðila máls til ráðherra frestar ekki birtingu Matvælastofnunar.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. a laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.